

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 67. fundur.

að Hlíðavegi 6, 26. nóvember 2009, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Ákvörðun útsvarsprósentu 2010.
3. Deiliskipulag, Skútustaðir 2b.
4. Deiliskipulag, Björk.
5. Erindi frá Héðni Sverrissyni.
6. Fundargerð Byggingarnefndar dags. 16. nóv.
7. Bréf Ólafar Hallgrímsdóttur v/tilhögunar gangna á Neðri Miðfjöllum haustið 2009.
8. Erindi frá Stígamótum, styrkbeiðni.
9. Bréf Umhverfisstofnunar dags. 5. nóv.
10. Forsendur fjárhagsáætlunar 2010.
11. Umsögn um frumvarp til laga um kosningar til Alþingis (persónukjör)
12. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráttælu 2009-2013.
13. Ályktanir frá fundi Héraðsnefndar dags. 18. nóv.
14. Í.M.S, gjaldskrárbreyting.

Til kynningar:

Afrit af bréfi Skipulagsstofnunar dags. 6. nóv. v/Kröfluvirkjunar II.

Afrit af bréfi Umhverfisstofnunar dags. 12. nóv. v/framkvæmda við Bjarg.

Bréf U.M.F.Í dags. 10. nóv.

Afrit af bréfi Skipulagsstofnunar dags. 6. nóv. v/sameiginlegs mats á umhverfisáhrifum álvers á Bakka.

Fundargerð stjórnar DA dags. 10. nóv.

Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfél. dags. 30. okt.

Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Pingeyinga dags. 17. nóv.

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 12. október s.l.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 13 og 14 yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

2. Ákvörðun útsvarsprósentu 2010.

Lagt til að útsvarsprósenta ársins 2010 verði 13,28%. Samþykkt.

3. Deiliskipulag, Skútustaðir 2b.

Fyrir fundinum liggur breytt tillaga að deiliskipulagi við Skútustaði 2b. (vnr: 07.14.93.01) Á fundi sveitarstjórnar 13. mars 2008, var fyrri tillaga að deiliskipulagi tekin fyrir og samþykkt til auglýsingar. Auglýsingin birtist í Lögbirtingablaðinu 16. júní 2008. Ein athugasemd barst við tillöguna frá Umhverfisstofnun sem laut að því að byggingarreitur C nær upp í gervigíg sem þarna er. Með endurbættri tillögu hefur þetta verið lagfært. Breytingin gefur ekki tilefni til að deiliskipulagstillagan verði auglýst að nýju. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og felur sveitarstjóra að afla henni staðfestingar.

4. Deiliskipulag, Björk.

Frestað til næsta fundar.

5. Erindi frá Héðni Sverrissyni.

Með bréfi dags. 10. nóvember óskar Héðinn Sverrisson, eftir samþykki sveitarstjórnar til að leysa 10.000 m² lóð úr landi jarðarinnar Geiteyjarstrandar 1, og sýnd er á meðfylgjandi uppdrætti, úr landbúnaðarnotum. Áformað er að nýta lóðina undir rútbílastæði við Dimmuborgir.

Sveitarstjórn tekur jákætt í erindið en þar sem umrædd lóð er ekki inn á staðfestu aðal- og deiliskipulagi fyrir Dimmuborgir þá telur sveitarstjórn eðlilegt að nauðsynlegar skipulagsbreytingar fari fram áður en umbeðin meðmæli verða veitt.

6. Fundargerð Byggingarnefndar dags. 16. nóv.

Liður 6, þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir 12 m² bjálkahúsi við íbúðarhúsið að Bergholti, liður 7, þar sem óskað er eftir stöðuleyfi fyrir tvær

vinnubúðareiningar á plani að Múlavegi 1, liður 8, þar sem óskað er eftir stöðuleyfi fyrir 36 m² geymsluhús við hlið fyrrum móttökuhús Voga ferðaþjónustu, liður 9, þar sem óskað er eftir stöðuleyfi fyrir fjórar húseiningar á íbúðarhúsalóð austan tjaldstæðis í Vogum, liður 10 þar sem óskað er eftir stöðuleyfi fyrir 51 svefnskálæiningu á túni við Geiteyjarströnd 1, liður 11, þar sem óskað er eftir stöðuleyfi fyrir hús að Múlavegi 9A og liður 12, þar sem óskað er eftir stöðuleyfi fyrir hús við Reykjahlíðarflugvöll, eiga við um Skútustaðahrepp.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu Byggingarnefndar.

7. Bréf Ólafar Hallgrímsdóttur v/tilhögunar gangna á Neðri Miðfjöllum haustið 2009.

Með bréfi dags. 10. nóvember gerir Ólöf að umtalsefni tilhögun smalamennsku á Neðri Miðfjöllum sl. haust. Samkvæmt gangnaseðli hafi verið lagðar á þrennar göngur m.a. á Neðri Miðfjöllum og finnst henni full ástæða til að kanna hvort til þeirra allra hafi verið boðað og þær gengnar og ef svo er ekki hver sé ástæðan. Jafnframt segir í bréfinu að smalamennska þetta haustið hafi verið með afbrigðum óskipulögð og óviðunandi sem jafnvel hafi orsakað slæma meðferð á fé svo tjón hafi hlotist af. Spurt er hver ber ábyrgð á slíku og hver beri kostnaðinn. Þá telur hún að síaukin notkun vélhjóla við smalamennsku sé umhugsunarefni. Í niðurlagi bréfsins segir að þó að leitað sé leiða til að breyta, hagræða og spara í smalamennsku megi það þó ekki verða til þess að svæðin séu ekki smöluð eða að kostnaður verði margfalt meiri en ef skipulega er gengið til verks.

Sveitarstjórn getur tekið undir margt af því sem fram kemur í umræddu bréfi og var ýmislegt rætt. Vart hefur orðið við óánægju hjá fleirum með tilhögun gangna sl. haust og ljóst að endurskoða þarf fyrirkomulag smalamennsku fyrir haustið 2010.

Samþykkt að vísa bréfinu til Landbúnaðarnefndar.

8. Erindi frá Stígamótum, styrkbeiðni.

Í bréfi Stígamóta kemur fram að árlega skrifi Stígamótakonur bréf til allra sveitarstjórna landsins og leiti eftir stuðningi við reksturinn. Á síðasta ári var starfsemin aukin og þjónusta við fólk utan höfuborgarsvæðisins stórbætt og var ekki vanþörf á. Í ár hafi fjárframlög verulega dregist saman og að óbreyttu ómögulegt að halda starfseminni áfram utan höfuborgarsvæðisins.

Sveitarstjórn samþykkir styrk kr. 50.000,-

9. Bréf Umhverfisstofnunar dags. 5. nóv.

Með bréfi dags. 5. nóvember vekur Umhverfisstofnun athygli sveitarfélaga á að í frumvarpi til fjárlaga 2010 er ekki gert ráð fyrir neinum fjármunum til endurgreiðslu vegna refaveiða. Samkvæmt 4. mgr. 12. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, er endurgreiðsla kostnaðar vegna refaveiða háð því að fjármunir fái til þess á fjárlögum.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps átelur harðlega nefnda ákvörðun ríkisvaldsins að hætta endurgreiðslu til sveitarfélaganna fyrir unnin ref. Mývatnssveit er heimsþekkt fyrir m.a. fjölbreytt fuglalíf og hefur sveitarstjórn lagt mikla áherslu á að viðhalda því og vernda. Til þess hefur ænum fjármunum verið veitt undanfarin ár. Sveitarstjórn undrast því orð umhverfisráðherra sem

viðhöfð voru á þingfundi 18. nóvember sl. Þess efnis að það sé mat náttúrfraeðinga að áhrif refs á fuglalíf séu stórlega ýkt. Í ljósi þess veltir sveitarstjórn því fyrir sér hvort Skútustaðahreppur ætti ekki hreinlega að nota fjármuni sveitarfélagsins í eitthvað annað og þess í stað bjóðast til þess að vera tilraunasveitarfélag þar sem náttúrufræðingum er gefin kostur á að rannsaka hversu mikil áhrif óheft fjölgun refa hefur á fuglalíf almennt. Einnig má minna á að í drögum að verndaráætlun fyrir Mývatn og Laxá sem Umhverfisstofnun sendi frá sér í vor er þess sérstaklega getið að nauðsynlegt sé að sinna vargeyðingu, þar með talið refaveiðum, af mikilli kostgæfni. Er nema von að spurt sé hvert ríkisvaldið stefni í þessum málum.

10. Forsendur fjárhagsáætlunar 2010.

Forsendur fjárhagsáætlunar ræddar.

11. Umsögn um frumvarp til laga um kosningar til Alþingis (persónukjör)

Með tölvupósti dags. 10. nóvember óskar Allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn sveitarstjórnar á frumvarpi til laga um kosningar til Alþingis (persónukjör) 102. mál. Þess er jafnfarnt óskað að umsögnin berist fyrir 19. nóvember.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps fundar að jafnaði á tveggja vikna fresti, hafi mál ekki borist a.m.k. tveimur dögum fyrir fund eru þau almennt ekki tekin fyrir fyrr en á næsta fundi á eftir, því er þetta mál ekki tekið fyrir fyrr en nú. Það er illskiljanlegt hvers vegna umsagnarfrestur á frumvörpum til laga er ekki lengri en raun ber vitni. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur áður gert athugasemdir við stuttann umsagnarfrest.

Sveitarstjórn hefur ekki forsendur til að gera athugasemdir við framkomið frumvarp.

12. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Með tölvupósti dags. 19. nóvember óskar Umhverfisnefnd Alþingis eftir umsögn sveitarstjórnar á tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 200. mál. Þess er óskað að umsögnin berist fyrir 30. nóvember.

Enn á ný gerir sveitarstjórn athugasemd við stuttan umsagnarfrest.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps getur í sjálfusér verið sammála því að það sé margt í náttúru Íslands sem beri að vernda og friðlýsa. Hins vegar telur sveitarstjórn óeðlilegt í ljósi niðurskurðar fjármuna til m.a.

Umhverfisstofnunar sem hefur umsjón með friðlýstum svæðum að enn eigi að bæta verkefnum á stofnuninna án þess að nokkrir fjármunir fylgi með.

13. Ályktanir frá fundi Héraðsnefndar dags. 18. nóv.

Á fundi Héraðsnefndar Þingeyinga dags. 18. nóvember voru eftirfarandi ályktanir gerðar.

REFIR.

Héraðsnefnd Þingeyinga átelur harðlega þau vinnubrögð ríkisvaldsins að ákveða einhliða að hætta endurgreiðslu verðlauna fyrir unnin ref. Nefnd ákvöðrun bitnar mest á fámennum landstórum sveitarfélögum og hefur til framtíðar litið engan sparnað í för með sér. Fjárveitingarvaldið er því hvatt til að endurskoða ákvörðun sína.

SAMEINING SÝSLUMANNS- OG LÖGREGLUEMBÆTTA.

Héraðsnefnd Þingeyinga hvetur ríkisvaldið til að íhuga vandlega þær afleiðingar sem sameining sýslumanns- og lögregluembætta á landsbyggðinni hefur í för með sér. Viðbúið er að slík sameining bitni helst á jaðarbyggðum landsins með tilheyrandi þjónustuskerðingu. Þingeyjarsýslur eru víðfeðmasta lögregluumdæmi landsins og sá mannaflí sem heldur uppi lögum og reglu annar engan vegin þeim verkefnum og þeirri þjónustu sem íbúarnir eiga rétt á.

ATVINNUÞRÓUNARFÉLAG ÞINGEYINGA.

Héraðsnefnd Þingeyinga skorar á fjárveitingavaldið að tryggja grunnrekstur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga með því að fallast á beiðni félagsins um framlag á fjárlögum líkt og verið hefur frá árinu 2005 þar til á yfirstandandi ári. Umrædd fjárveiting er í raun forsenda þess að unnt sé að halda úti ásættanlegri grunnstarfsemi hjá félaginu sem hefur þurft að búa við það að deila grunnframlagi með Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar. Um frekari rökstuðning er vísað til innsends erindis félagsins.

Sveitarstjórn tekur undir ályktanir Héraðsnefndar.

14. Í.M.S, gjaldskrárbeyting.

Fyrir fundinum liggur tillaga að breytingu að gjaldskrá Íþróttamiðstöðvar. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu til næsta fundar.

Fleira ekki gert.
Fundi slítið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétusson.